

Svör við fyrirspurn fulltrúum Samfylkingarinnar á bæjarráðsfundi sem haldinn var 12. janúar 2023

1) Tímalína

Kvartanir tóku að berast í kringum helgina 10.-11. desember og fljótlega kom í ljós að eitthvað óeðlilegt væri í gangi. Þá var farið í vinnu við að leita að upptökum lyktarinnar eða mánudaginn 12. desember. Sú vinna var unnin af starfsmönnum fráveitu Hafnarfjarðar ásamt starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins.

- Skoðað var hvaðan kvartanir voru helst að berast, farið um í þeim hverfum og brunnar opnaðir til að athuga hvort lyktarmengun væri að finna og hvort olíubrúk væri að sjá.
- Farið í allar bónstöðvar og rætt við starfsmenn um hvort rekja mætti mengunina til þeirra fyrirtækja. Ekkert óeðlilegt kom þar í ljós.
- Reynt var að skola kerfið út með því að dæla vatni í það.
- Brunnlok voru opnuð og reynt að lofta kerfið út með því að setja ristarlok.
- Lagnir við bensínstöðvar við Reykjavíkurveg voru myndaðar en ekkert óeðlilegt kom í ljós.
- Haft var samband við forstöðumann samveitna Garðabæjar og hann beðinn um að skoða fráveitu frá Kaupúni í Garðabæ með tilliti til þessarar mengunar. Hann fór strax í málið með starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins og fljótlega kom í ljós að um mikla mengun var að ræða í brunni neðan við bensínafgreiðslustöð Costco.
- Strax var haft samband við Costco og samdægurs var farið í viðgerðir.

Upptök fundust 30. desember. Upplýsingar um að sennilega væri búið að finna orsökina voru settar inn á vef bæjarins og viðeigandi Facebook íbúasíður samdægurs.

Heilbrigðiseftirlit fer með málefni bensínafgreiðslustöðva og voru starfsmenn þess allan tímann vel inni í málinu. Upplýsingar um lekann voru tilkynntar til Umhverfisstofnunar 16. janúar. Bæjarstjóri og viðeigandi sviðsstjóra voru upplýstir um mengun og lykt frá upphafi og rík áhersla lögð á að uppspretta og orsök yrði fundin. Var mál tekið fyrir á hvorutveggja sviðsstjórafundi og á reglubundnum fundum sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og bæjarstjóra.

2) Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar, bæjarstjóra og yfirmanna bæjarins við mengunarslysinu

Varðandi viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar, yfirmanna og bæjarstjóra má sjá svör undir lið eitt. Ekki eru til sérstakir verkferlar við nákvæmlega svona atviki enda um mjög sérstakt tilfelli að ræða en starfað og framkvæmt í takti við almennt verklag.

3) Greinargerð frá Heilbrigðiseftirlitinu

Heilbrigðiseftirlit mun senda greinargerð.

4) Magn spilliefna sem fór í kerfið og viðbrögð

Ekki liggur fyrir magn spilliefna sem fór í fráveitukerfið. Heilbrigðiseftirlitið hefur krafist upplýsinga frá Costco og eru þær væntanlegar á næstu dögum. Bensínstöðvum ber skylda til að tilkynna mengunarslys

til Heilbrigðiseftirlitsins sem fer með eftirlit með þeim. Costco tilkynnti ekki lekann til Heilbrigðiseftirlitsins enda kom ábending um að eitthvað væri að frá þeim síðarnefndu.

5) Næstu skref

Þegar umfang mengunarinnar liggur fyrir og Costco hefur gefið skýringar á hvað fór úrskeiðis mun Heilbrigðiseftirlitið í samráði við Umhverfisstofnun ákveða næstu skref.

Guðmundur Elíasson

Sigurður Haraldsson

Sigurður Nordal